

MINECRAFT

MINECRAFT



Vinsæll tölvuleikur þar sem leikmenn kanna, safna efnivið úr umhverfinu og byggja allt mögulegt.



Leikurinn býður upp á tvennskonar útgáfur (e. gamemodes). Annars vegar Creative og hins vegar Survival



Minecraft leggur miklar áherslu á sköpun, ímyndunarafli, samvinnu og lausn vandamála



Bæði er hægt að spila leikinn einn eða með öðrum og er þá hægt að eiga í samskiptum við þann sem spilað er með - klara maria þorsteinsdottir



Hægt er að kaupa nýtt útlit (e.skins) á karakterinn sinn, stærri útgáfu af heiminum og fleira fyrir alvöru pening, en slíkt er ekki nauðsynlegt til að spila leikinn





MINECRAFT



Hlutfall notenda á aldrinum
10 - 13 ára á Íslandi

X

Aldurstakmark

7

Hlutfall notenda á aldrinum
14 - 16 ára á Íslandi

X

Minecraft er vinsæll tölvuleikur sem snýst um að búa til alls konar hluti úr efnivið sem leikmenn geta fundið í umhverfi sínu. Leikurinn býður upp á tvennskonar útgáfur (e. gamemodes). Í Creative Mode geta leikmenn byggt hluti án allra takmarkana en í Survival Mode reyna leikmenn að sjá fyrir sjálfum sér og lifa af í veröldinni, með því að safna efni og búa til hluti og verja sig frá ýmsum hættum sem kunna að leynast í veröldinni. Minecraft er stundum líkt við Lego á netinu en nánast allt í leiknum er gert úr kubbum.

3 staðreyndir um Minecraft



Bæði leikur og félagslegt rými

Vinsælt er að spila Minecraft með öðrum og vinna saman að því að byggja upp sitt umhverfi og lifa af í veröldinni. Vinir spila því oft saman og nýta leikinn einnig til samveru og samskipta. Það er því mikilvægt að muna að hægt er að eiga samskipti í gegnum leikinn.



Getur nýst til lærdóms og sköpunar

Minecraft leggur mikið upp úr því að leikurinn sé fræðandi. Framleiðandinn bendir á að leikurinn ýti undir sköpun og ímyndunarafli ásamt því að þjálfra upp samvinnu og úrlausn vandamála. Þá er til sérstök skólaútgáfa af leiknum sem heitir Minecraft: Education Edition.



Enginn endir

Minecraft er opinn sandkassaleikur og þar er hægt að byggja og skapa nánast hvað sem er. Þetta þýðir líka að leikurinn klárast í raun ekki og það er sett í hendur leikmannsins að ákveða hvenær skal hætta. Þá ber að nefna að skrímsli og illmennir í Minecraft á borð við uppvakninga og beinagrindur gætu vakið upp óhug hjá einhverjum